

Minning: Sigursveinn Sveinsson

Fæddur 23. febr. 1904
Dáinn 30. okt. 1980

Norður-Fossi

Í dag fer fram frá Reyniskirkju útför Sigursveins Sveinssonar bónda á Norður-Fossi í Mýrdal, sem andabíst 20. þ.m. eftir erfiða baráttu við ólæknandi sjúkdóm.


Sigursveinn hafði á ungum aldri kynnt glímu við veikindi og bar þess merki alla ævi síðan. En hann tók því með karlmennsku og kjarki, en það voru eiginleikar sem mér finnst að öllum, er hittu Sigursvein á Fossi, að hafi komið fyrst í hug. Þeir komu líka glöggt í ljós þegar hann stundaði sjómennsku og lenti m.a. í skipsstrandi við Reykjanes. Með harðfengi og æðruleysi komst hann lífs úr þeim sjávarháka.

Sigursveinn kaus þó ekki sjómennskuna að ævistarfi heldur búskapinn og það fyrsta sem ég heyrði talað um hann, var um hyggindi hans og framsýni í því starfi. Það var snemma byrjað að slá á Norður-Fossi og afurðir búskapsins góðar. Þangað var hægt að sækja fyrirmynd.

Við þessi leiðarlök er mér þó efst í huga samstarf okkar Sigursveins í Kaupfélagi Skaftfellinga, en hann var í stjórn félagsins í meira en tvo áratugi og þar eins og annars staðar heill í starfi. Hann var líka nákunnugur starfsemi félagsins nærri því frá stofnun þess, þar sem það var stofnað tveimur árum eftir að Sigursveinn fæddist.

Faðir hans, Sveinn Sveinsson í Asum og síðar á Norður-Fossi var lengi í stjórn Kaupfélags Skaftfellinga og einnig starfsmaður þess við ullarmat. Um nokkurt skeið rak Sveinn búskap bæði á Asum í Skaftártungu og á Fossi og átti því tíðar ferðir yfir Mýrdalssand, enda duglegur ferðamaður. Sveinn var því ákaflega vel kunnur högum Skaftfellinga og skildi glöggt hvernig Kaupfélagið var forsendan fyrir því, að Skaftfellingar sigruðust á þeim erfiðleikum, sem hafnleysi, óbrúð vatnsföll og aðrar samgönguhindranir sköpuðu. Slíkt náðist því aðeins að menn notuðu samtakamáttinn. Þetta voru aðstæðurnar sem Sigursveinn Sveinsson ólst upp við og lagði krafta sína fram við að breyta til batnabár.

En það var ekki aðeins reynslan sem gerði Sigursvein að samvinnumanni. Þeir, sem kynntust honum fundu, að það var í huga hans svo sjálfsagt að ekkert gat komið til greina, enda í fullu samræmi við þá alúð og hlýju sem einkenndi fas þessa karlmannlega manns. Á þessari stundu er okkur þakklæti efst í huga.



Ég sendi eftirlifandi eiginkonu, börnum og öðrum ættingjum samúðarkveðjur.

Jón Helgason.

Í dag, laugardaginn 1. nóvember verður vinur minn Sigursveinn Sveinsson, bóndi á Norður-Fossi í Mýrdal, jarðsönginn frá Reyniskirkju, en hann lést í Reykjavík þann 20. þ.m. eftir erfiða sjúkdómslegu síðustu mánuði.

Sigursveinn Sveinsson fæddist þann 23. febrúar árið 1904 á Leiðvelli í Leiðvallahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Foreldrar hans voru merkishjónin Sveinn Sveinsson og kona hans Jóhanna Sigurðardóttir. Ólst hann upp hjá foreldrum sínum í stórum systkinahópi, fyrst á Leiðvelli, síðan í Eyvindarhólum undir Austur-Eyjafjöllum, í Eystri Asum í Skaftártungu og á Norður-Fossi í Mýrdal. Tók hann við búi þar eftir föður sinn árið 1942. Árið 1939 kvantist Sigursveinn konu sinni Sólveigu Ólafsdóttur frá Fagradal austan Víkur. Eignuðust þau sex börn, en eitt barn misstu þau nýfætt. Ólafur bóndi á Norður-Fossi er elstur og hefir hann annast um búskapinn seinni árin, Jóhanna býr í Vestur-Þýskalandi gift Ólafi Þ. Jónssyni söngvara, Sveinn búsettur í Reykjavík, kvantur Svönu Hermannsdóttur, Sigurður stundar framhaldsnám í landafræði við háskóla á Nýfundanlandi, kvantur Kristínu Sigurmundsdóttur og eiga þau tvo syni. Yngstur er Runólfur, sem er við framhaldsnám í búvísindum við Hvanneyrarskóla. Allt eru


þetta mannvænleg börn eins og þau eiga kyn til. Ekki ætla ég mér með þessum fáu orðum að rekja hér æviferil Sigursveins, þar skortir mig þekkingu til og eflaust munu aðrir gera það, sem betur þekja.

Kynni okkar Sigursveins hófust fyrir um það bil 7 árum, þegar ég fluttist til Víkur og hóf störf hjá Kaupfélagi Skaftfellinga. Fáum mönnum hef ég kynnt, sem meiri og betri skilning hafa sýnt á samvinnustarfi ekki hvað síst í dreifbýli, þ.e. samhjálpa til þess að leysa hin margvíslegu vandamál. Hann var einlægur samvinnumaður og sýndi það alla tíð í verki. Akveðinn í sköpunum og mikla ánægju hafði hann af hugleiðingum um hin margvíslegu málefni bæði innan sveitar og í landsmálum. Þessir eðlis-kostir Sigursveins nutu sín vel, þegar hann í all mörg ár var í stjórn Kaupfélags Skaftfellinga og voru orð hans ætíð þung á metunum. Seinni árin hitti ég Sigursvein nokkrum sinnum og jafnvel eftir að hann veiktist, hafði hann mikinn áhuga á K.S. og spurði jafnan um gang mála. Sótti hann alltaf deildarfundi og aðalfund, ef heilsan leyfði það. Mér er minnstætt eitt atriði úr starfi mínu hér, sérstaklega er varðar Sigursvein. En fyrir nokkrum árum var til umræðu innan stjórnar K.S. að gera breytingu á stjórnskipun félagsins og var þetta mál á sinum tíma umdeilt eins og gengur. Ég tók það til ráðs að heimsækja Sigursvein og ræða þetta mál við hann. Ákváðum við að fara til fundar við annan heidursmann sem áður var í stjórn félagsins þ.e. Sigurjón Arnason í Pétursey. Á stjórnarfundinum síðar sagði ég frá álitum þessara fyrrverandi stjórnarmanna og var afstaða þeirra mikilvæg í þessu máli. Með þessu dæmi vil ég aðeins sýna, hve mikill tillit var tekið til sjónarmiða Sigursveins, jafnvel þótt hann væri hættur fyrir nokkrum beinum afskiptum af félaginu.

Persónuleg kynni mín af þessum heidursmanni urðu ekki síðri við hans góðu eiginkonu og fjölskyldu þeirra. Elsti sonur minn varð svo heppinn að komast til þeirra í sveit eins og kallað er mjög ungar og hefir hann verið þar sumarlangt s.l. sex sumur og lítur hann ávallt á heimili á Norður-Fossi, sem sitt annað heimili. Á hann frá þessum tíma ógleymanlegar minningar um góðan tíma og vil ég fyrir hans hönd þakka þér kærri vinur, fyrir allt, sem þú hefir gert fyrir drenginn og öll fallettu orðin, sem þú hafðir alltaf, þegar nafn hans bar á göma við mig. Þakkar hann af alhug fyrir það, að hafa fengið tækifæri til þess að kynnast svo stórbrotnum höfðingja og góðri eiginkonu hans og börnum þeirra og tengdabörnum.

Við fráfall Sigursveins á Norður-Fossi er skard fyrir skildi hér í sveit. Það skard verður vandfyllt, en minningin lifir um góðan dreng. Mestur er þó missirinn fyrir konu hans og börn og votta ég og fjölskylda mín þeim innilega samúð.

Matthias Gíslason



Akureyringar — Bæjargestir

Hótel KEA býður:

Gistiherbergi, veitingasal, matstofu, bar

Mínum sérstaklega á:

VEITINGASALINN II. hæð
Góður matur á vægu verði.
Hinn landskunnri Ingimar Eydal
skemmtir matargestum öll laugar-
dagskvöld. Dansleikir laugardags-
kvöld. Astro tríó skemmtir

SULNABERG, matstofa.
Heitir og kaldir réttir
allan daginn.
Opíð 08-20. Glæsileg matstofa

VERIÐ VELKOMIN
Hótel KEA Akureyri
Hafnarstræti 89 Sími (96) 22200

Furu & grenipanell.

Gólfparkett — Gólfborð
Furulistar — Loftaplötur
Furuhúsgögn — Loftabitar
Harðviðarklæðningar



Inni og eld-
húshurðir —
Plast og
spónlagðar
spónaplötur.


HARÐVIÐARVAL HF

Skemmluveg 40 KÓPAVOGI 74111

Grensáveg 5 REYKJAVÍK 84727


Wolf Rafmagns- verkfæri

Borvélar-Heflar
Slípirokkar
Stingsagir
Hjólsagir
Beltavélar
Hristarar



Kf.
Rangæinga
Hvolsvelli

Aðeins það besta
er nógu gott handa börnunum okkar, og
þar sem það er einnig ódýrast er sjálfsagt
að kaupa það.




Allt í unglíngaher-
bergid bjóðum við á
bestu afborgunar-
kjörum.

Húsgagnahöllin

Bíldshöfða 20 - S (91) 81410-81199
Sýningahöllinni - Artúshöfða

J.R.J. Bifreiðasmíðjan hf.
Varmahlíð,
Skagafirði.
Sími 95-6119.

Yfirbyggingar á Toyota 4x4 picup. Við bjóðum upp á 4 gerðir yfirbygginga á þennan bíl. Hagstætt verð. Yfirbyggingar og réttingar, klæðningar, sprautun, skreytingar, bílagler. Sérhæfð bifreiðasmíðja í þjóðleib.



VARIST STEIN- SKEMMDIR OG LEKA

KLÆÐIÐ MEÐ BLIKKI. FRAMLEIÐUM
ALLAR GERÐIR BLIKKHLÍFA.



BLIKKVER

Skeljabrekka 4 — 200 Kópavogur — Sími: 44040.



**BLIKKVER
SELFOSSI**

Hrísmýri 2A — 802 Selfoss — Sími: 99-2040.